

Mál nr. 189/1999

**M og
Vátryggingafélagið V v/frjálsrar ábtryggingar A.**

Vinnuslys í Vestfjarðagöngum þ. 2. og 4. 9.1995.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 16.8.1999 ásamt bréfi dags. 28.8.1998.
2. Niðurstaða tjónanefndar mál nr. 148/1999.
3. Tilkynning um slys/Vinnuslys dags. 13.9.1995.
4. Tjónstilkynning dags. 29.3.1996.
5. Umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið ásamt ljósmyndum dags. 14.9.1995.
6. Umsögn J dags. 15.12.1998.
7. Umsögn H dags. 21.10.1998.
8. Bréf lögmannna M dags. 29.8. 1998 og 14.1.1999.
9. Bréf V. dags. 21.10.1998, 18.2. og 30.8.1999.

Málsatvik.

Í tilkynningu um slysið segir, að M hafi verið á vinnupalli á körfubíl og unnið að uppsetningu á “skúmm” plötum í loft jarðgangnanna og gengið tvívegis þ.2. og 4.9.1995 á bolta sem stóðu niður úr loftinu með þeim afleiðingum, að M fékk hnykk á hálsinn. M segir, vinnuaðstöðu hafa verið þannig, að lýsing var mjög lítil og lítið sem ekkert hafi sést fyrir ryki þegar borað hafi verið fyrir kambstálum sem halda “skúmminu” við þetta bætist vatn úr berginu og mengun, 3 blásarar hafi verið teknir niður og hafi þurft að stöðva vinnu ítrekað vegna mengunar. Í umsögn Vinnueftirlitsins segir, að aðstæður á vinnustað hafi verið erfiðar, léleg lýsing, teinarnir standi langt niður úr mottum og því mikil hættu á því, að starfsmenn verði fyrir þungum höggum við að reka sig á. Vinnueftirlitið telur, að breyta hefði þurft vinnutillögun til að koma í veg fyrir þá hættu, sem að þarna var fyrir hendi. Í umsögn sinni segir J að vinnuaðstæður við Vestfjarðagöng hafi verið erfiðar og mengun mikil, en hann vann að gerð gangnanna meðan verkið stóð yfir. Í umsögn H segist hann hafa verið staðarverkfræðingur þegar slysið varð og hafi búnaður og lýsing verð hefðbundin við slíka framkvæmd og hafi sambærilegar vinnuaðferðir verið notaðar bæði fyrir Vestfjarðagöngin og Hvalfjarðargöngin. H bendir á að auk ljósa frá bíl hafi starfsmenn haft ljós á hjálmi sínum.

Í bréfi lögmanns M kemur fram, að aðstæður á vinnustað hafi verið með öllu óforsvaranlegar vegna myrkurs, mengunar og þess, að járnteinarnir hafi verið ómerktir með öllu og valdi það því, að sakarábyrgð vinnuveitandans sé fyrir hendi. V heldur því fram, að slysið verði ekki rakið til vanbúnaðar á vinnustað, sakar vinnuveitandans eða starfsmanna hans eða annarra atvika, sem að vinnuveitandinn beri ábyrgð á, en svo virðist sem um óhappatilvik hafi verið að ræða eða þess, að M hafi ekki gætt nægrrar varúðar.

Álit.

Fyrir liggur, að vinnuaðstæður voru erfiðar þar sem slysin urðu. M rekur sig tvívegis með stuttu millibili á járnteina, sem stóðu út úr berginu. Ekki liggur fyrir í málinu hvort það var algengt að starfsmenn rækjust illa á þessa járnteina þannig að slys hlytist að eða hvort einungis var um slys á M að ræða. Í umsögn sinni segir staðarverkfræðingur, að búnaður og lýsing hafi verið hefðbundin við slíka framkvæmd og sambærilegar vinnuaðferðir verið notaðar bæði við Vestfjarðagöng og Hvalfjarðargöng. Þessari fullyrðingu staðarverkfræðingsins hefur ekki verið mótmælt og er því miðað við að hún sé rétt.

Þrátt fyrir að vinnuaðstæður væri erfiðar, sem raunar mátti vera öllum ljóst, sem að verkinu unnu, þá verður ekki séð skv. þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu, að vinnuaðstæður hafi

verið með þeim hætti, að felli sök á vinnuveitandann A. Af þeim ástæðum er tjón M ekki bótaskyldt úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyldt úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 20.9.1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.